

Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Fimmtudagur 8. desember 2022 kl. 17:00 á Teams

Mætt / vantar

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson varaformaður, Ingirafn Steinarsson aðalmaður, Tinna Guðmundsdóttur varamaður, Jónína Brynjólfsdóttir og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir safnstjórar

Vantar:

Fundargerð ritaði JB

Fundargerð

- 1) Ársskýrsla 2021 kynnt og samþykkt.
- 2) Ársreikningur 2021 tekin til samþykktar þar er að finna skýrslu stjórnar
 - a) Ársreikningur samþykktur, hagnaður á árinu 2021 nam kr. 197.242.022,- króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir safnsins kr. 209.026.855,- og er eiginfjárhlutfall 99%. Stöðugildi að meðaltali eru 2.
- 3) Fjárhags- og starfsáætlun 2023 kynnt. Helstu verkefni safnsins á næsta ári verða hönnun safnasvæðis við Lónsleiru, uppsetning á sýningu í Vélsmiðju, uppsetning á Vörðum, flutningur á safnkosti í nýtt varðveisluhúsnæðu og grunnskráning safnkosts auk þess sem farið verður í gerð á viðskiptaáætlunar. Bent er á að safnið bíður nú svara frá Múlþingi vegna beiðni safnsins um að fá Angró auk bóta og fjármuna til endurbyggingar. Komi til þess að safnið fái húsi og fjármuni mun það verkefni fara af stað strax á næsta ári.
- 4) Samþykkt á nýrri stefnu safnsins. Ný stefna kynnt en ný stefna tekur til nýrrar söfnunarstefnu, miðlunarstefnu, innra starfs og mannauðs. Stefnan verður kynnt á heimasíðu og á samfélagsmiðlum í framhaldi af staðfestingu.
- 5) Laun stjórnarmanna.
 - a) Tillaga að breyttum launum, formaður fær 10.000 fyrir fund og stjórnarmenn 7500.
- 6) Önnur mál.
 - a) Stjórn samþykkir að farga Auðbjörgu vegna afar slæms ástands. Gefin verður út tilkynning til íbúa og geymdi verða hlutar bátsins. TG sat hjá.
- 7) Fundi slitið